

Fundargerð svæðisráðs Vatnajökulshjóðgarðs

Suðursvæði 27. fundur

27. fundur

Fundur haldinn þriðjudaginn 14. júní 2011 kl. 12.00 í ráðhúsinu á Höfn. Mætt voru: Hjalti Þór Vignisson, Guðrún Ingimundardóttir, Hildur Þórsdóttir og Björn Ingi Jónsson. Sigurlaug Gissurardóttir var í síma.

Dagskrá.

1. Kjör formanns og varaformanns.

Tillaga borin upp að Hjalti Þór verði kjörinn formaður og Björn Ingi til vara.

Samþykkt.

2. Verkefni svæðisráða

Lagt fram skjal frá okt 2007 sem greinir frá verkefnum svæðisráða.

3. Önnur mál.

- Guðrún spurði um vinnu við merkingar í sumar. Upplýst að unnið hafi verið að skiltagerð í vetur og væri hluti af rekstraráætlun garðsins.
- Björn Ingi óskaði eftir grunnupplýsingum um garðinn, s.s. rekstraráætlun, verndaráætlun og fleiri gögn sem lýsa starfsemi garðsins. Taldi gott fyrir nýja svæðisráðsmenn að fá slík gögn.
- Sigurlaug spurði um deiliskipulag fyrir Jökulsárlón.
- Spurt um stækkun þjóðgarðs.
- Svæðisráð hyggst funda annan mánudag í mánuði kl. 20.00.

Fundi slitið 12.30